

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 231/2021

frá 24. september 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/880 frá 5. mars 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/686 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar kröfur varðandi rekjanleika, dýraheilbrigði og vottun vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefnum úr tilteknum landdýrum í haldi ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/520 frá 24. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 frá 15. apríl 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu og bólusetningarlausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma ⁽³⁾.
- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 616/2009 ⁽⁴⁾, ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE ⁽⁵⁾, 94/963/EB ⁽⁶⁾, 95/98/EB ⁽⁷⁾, 2003/467/EB ⁽⁸⁾, 2004/558/EB ⁽⁹⁾, 2008/185/EB ⁽¹⁰⁾ og 2009/177/EB ⁽¹¹⁾

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 194, 2.6.2021, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 104, 25.3.2021, bls. 39.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 78.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 181, 14.7.2009, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 13, 21.1.1993, bls. 14.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 371, 31.12.1994, bls. 29.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 75, 4.4.1995, bls. 28.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 74.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 249, 23.7.2004, bls. 20.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 59, 4.3.2008, bls. 19.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 63, 7.3.2009, bls. 15.

og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB ⁽¹²⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, og ber því að fella þær brott samkvæmt samningnum.

- 5) Ákvörðun þessi varðar m.a. löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og lagareldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísa og sæði. Löggjöf á þessu sviði gildir ekki gagnvart Íslandi eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Þessi ákvörðun gildir því gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði sammings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 7) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 13c (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/686) í hluta 1.1:

„, breytt með:

- **32021 R 0880:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/880 frá 5. mars 2021 (Stjtíð. ESB L 194, 2.6.2021, bls. 1).“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 13p (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/403) í hluta 1.1:

„13q. **32021 R 0520:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/520 frá 24. mars 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar rekjanleika tiltekinna landdýra í haldi (Stjtíð. ESB L 104, 25.3.2021, bls. 39).

Ákvæði þessarar gerðar gilda gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.

- 13r. **32021 R 0620:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 frá 15. apríl 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki

⁽¹²⁾ Stjtíð. ESB L 273, 15.10.2013, bls. 38.

fyrir sjúkdómalausri stöðu og bólusetningarlausri stöðu tiltekinnna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma (OJ L 131, 16.4.2021, bls. 78).

Ákvæði þessarar gerðar gilda gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.“

3. Texti 43. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 616/2009) í hluta 3.2, 14. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE), 25. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/963/EB), 26. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/98/EB), 70. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB), 80. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/558/EB), 84. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB) og 89. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/177/EB) í hluta 4.2 og 59. liðar (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB) í hluta 7.2 fellur brott.

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/880 á norsku og texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/520 og (ESB) 2021/620 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á þessum tungumálum.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.